

**Nd.**

**255. Frumvarp til laga**

[108. mál]

um stofnun Framfarasjóðs íslenskra búnaðarsambanda.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —, sem renna í sérstakan sjóð, er nefnist Framfarasjóður íslenskra búnaðarsambanda.

2. gr.

Búnaðarþing skiptir fé sjóðsins á milli búnaðarsambandanna með hliðsjón af framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Um þessar mundir eru búnaðarsamböndin í landinu í mikilli fjárþröng. Stafar það m. a. af því, að með þeirri breytingu, sem gerð var á búnaðarmálasjóðslögunum s. l. vetur, var sá tekjustofn, sem samböndin treystu á, skertur til helminga.

Til viðbótar því hefur framlag Búnaðarfélags Íslands til búnaðarsambandanna verið lækkað um helming. Er það tilræði við búnaðarsamböndin með öllu óskiljanlegt og óverjandi, þar sem Búnaðarfélagið hafði ekki minna fé til ráðstöfunar en áður. Fjárþörf búnaðarsambandanna fer stöðugt vaxandi, vegna aukinnar ræktunar og annarra búnaðarframkvæmda. Það er því mikil nauðsyn að bæta fjárhag sambandanna, svo eigi þurfi að stöðvast þær framkvæmdir, sem þau hafa með höndum. Frumvarpi því, sem hér er flutt um stofnun framfarasjóðs búnaðarsambandanna, er ætlað að bæta úr fjárþörf þeirra og gera þeim fært að gegna hlutverki sínu.

Nánari grein fyrir frumvarpinu mun verða gerð í framsögu.